

Efni: Sérstakur húsnæðisstuðningur.

Á fundi fjölskylduráðs þann 15. janúar s.l. var lögð fram lokaskýrsla Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar varðandi tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning. Jafnframt var kynnt bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem fram kemur að stjórn sambandsins samþykkir að þær tillögur sem fram koma í skýrslunni verði kynntar fyrir sveitarstjórnnum og stjórnendum í velferðarþjónustu til að fá afstöðu þeirra um eitt opinbert stuðningskerfi við leigjendur. Fjölskylduráð bókaði eftirfarandi:

„Sviðsstjóra falið að taka saman minnisblað um þau sjónarmið sem komu fram í ráðinu og frá starfsmönnum sviðsins varðandi opinbert stuðningskerfi við leigjendur.“

Tillaga HMS felur í sér að almennar húsnæðisbætur ríkisins og sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga verði sameinaður í eitt opinbert stuðningskerfi við leigjendur. Það myndi fela í sér aukna skilvirkni og bæta þjónustu við almenning. Sameinað kerfi myndi þá eingöngu byggja á hlutlægum tekju- og eignaviðmiðum eins og nú gildir um almennar húsnæðisbætur.

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning í Hafnarfirði byggja á því að miðað er við tekju- og eignaviðmið og ekki er gert félagslegt mat við afgreiðslu umsókna. Sérstakar húsnæðisbætur eru 90% af þeim almennu, með þó ákveðnum mörkum, sjá reglur https://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/reglur-hafnarfjardarkaupstadar-um-serstakan-husnaedisstudning_0620.pdf

Sú áhersla hefur verið í Hafnarfirði að hlutlæg viðmið eigi að ráða ferðinni við afgreiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings. Bent skal á að hægt er að sækja um undanþágu frá samþykktum reglum sé um verulega þunga greiðslubyrði að ræða eða aðrar félagslegar aðstæður sem leitt geta til þess að þörf fyrir stuðning sé meiri en hlutlæg viðmið gefa til kynna sbr. 17.gr. reglnanna.

Það er mat undirritaðrar að tillaga HMS sé jákvætt skref í þá átt að einfalda húsnæðisstuðning til þeirra sem eiga rétt á honum og til að hafa betri yfirsýn yfir kerfið í heild. Það hefur borið á því að tekjulágir leigjendur þekkja ekki rétt sinn til sérstaks húsnæðisstuðnings þrátt fyrir að sveitarfélagið hafi lagt sig fram um að kynna stuðninginn. Eitt opinbert stuðningskerfi myndi vinna gegn slíku og stuðningurinn því nýtast þeim sem á þurfa að halda.

Mjög mikilvægt er að tekin verði afstaða til kostnaðarskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga við ákvörðun um eitt opinbert stuðningskerfi við leigjendur.

Rannveig Einarsdóttir,
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.